



Nýjar námsleiðir í kennslu

Skýrsla um þróunarverkefni



Marta Gunnarsdóttir og Rakel G. Magnúsdóttir


Reykjavík, júní 2015



Efnisyfirlit

Inngangur.....	5
Lýsing á verkefninu.....	6
Rafbækur (Book Creator).....	6
Brúðumyndagerð (Puppet Pals).....	9
Bitsboard.....	10
Samantekt.....	12
Mat á verkefninu.....	13
Greinagerð um notkun styrkfjár.....	14
Kynning.....	14
Lokaorð.....	15
Fylgiskjöl.....	16





Inngangur

Sótt var um styrk fyrir verkefnið **Nýjar námsleiðir í kennslu** með það að leiðarljósi að auka notkun spjaldtölva í kennslu.

Aðalmarkmið þessa verkefnis var að efla tækniþekkingu og tæknilæsi, bæði hjá kennurum og nemendum. Einnig var lögð áhersla á fjölbreytni verkefna sem tækju mið af mismunandi getu nemenda og að samþætta verkefnin við aðra vinnu bekkjarins.

Verkefnin eru unnin frá janúar 2014 – maí 2015 með nemendum í 2. og 3.bekk Kelduskóla-Korpu. Þessi nemendahópur hefur verið í þróunarstarfi með spjaldtölvur undir leiðsögn Rakelar G. Magnúsdóttur frá því í leikskóla. Hægt er að lesa um það í skýrslunni [Upplýsingatækni með leikskólabörnum](#).

Við unnum mismunandi rafbækur í Book Creator, gerðum leikþætti í Puppet Pals og útbjuggum verkefni í Bitsboard.

Bitsboard – Þetta smáforrit er stórt og með mörgum möguleikum og útfærslum.

Með þessu frábæra smáforriti læra nemendur hin ýmsu orð, hvernig þau eru skrifuð, borin fram og hvað þau þýða.

Book Creator – Það má segja að Book Creator sé einfalt og gott smáforrit sem auðvelt er að nýta með flestu námi.

Í þessu smáforriti er hægt að setja saman á einfaldan máta gagnvirka rafbók með myndum, texta, hljóði og upptöku.

Puppet Pals – Með Puppet Pals er hægt að búa til leikmynd með hreyfingum og hljóði á met tíma. Hægt er að velja leikara (jafnvel sjálfan sig) og bakgrunn. Þetta smáforrit er mjög skemmtilegt og fer fram mikil hugmyndavinna hjá nemendum. Hægt er að flytja út myndbandið og nota það t.d. í Book Creator.



Lýsing á verkefninu

- skipulag, umfang og framkvæmd -

Samkensla er í Kelduskóla-Korpu í 2. - 3. bekk. Á vorönn 2014 voru verkefnin unnin með blönduðum hópi nemenda í 2. – 3. bekk. Veturinn 2014 - 2015 var ákveðið að vinna verkefnin einungis með nemendum 3.bekkjar, 16 nemendur. Í skólanum eru 10 spjaldtölvur til afnota.

Með notkun spjaldtölva í kennslu gefst gott tækifæri til að einstaklingsmiða nám nemenda. Nemendur verða sjálfstæðari í vinnu sinni og bera meiri ábyrgð á eigin námi. Þeir læra að nýta þekkingu sína og beita henni á gagnlegan hátt. Spjaldtölvur gefa bæði möguleika til notkunar í þjálfunarverkefnum og einnig nauðsynleg viðbót við kennslu í íslensku, samfélagsfræði og tungumálum.

Rafbækur (Book Creator)

Rafbækur eru mjög gagnlegar og góður kostur í kennslu. Þær gefa kennara gott tækifæri til að vinna með texta nemenda, þar sem auðvelt er fyrir nemendur að lagfæra eigin skrif og um leið að læra grunnþætti ritunar. Rafbækur eru einnig góðar til þjálfunar í upplestri þar sem nemendur taka upp eigin upplestur og setja í rafbækur. Fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál er kjörið að útbúa orðabækur.

Markmið með rafbókarvinnu:

- að dýpka þekkingu nemenda á ákveðnu námsefni
- að vinna með texta úr bókum eða af neti og skrifa útdrátt
- að semja eigin sögu
- að lesa yfir eigin texta og leiðrétta stafsetningu
- að lesa texta upphátt
- að hlusta á eigin upplestur
- að kunna að búa til rafbók
- að geta gert fjölbreytt útlit rafbókar
- að vinna með myndir í öðrum smáforritum og setja í rafbók

Í þessum verkefnum voru sameiginlegar rafbækur unnar samhliða þemaverkefnum bekkjarins og einnig unnu nemendur eigin rafbók þar sem verkefni tengd námsefni vetrarins voru unnin jafnt og þétt. Í fyrstu bókunum voru grunnatriði rafbóka kennd og í framhaldi af þeirri vinnu var bætt við þekkingu nemenda og meiri áhersla lögð á útlit bókanna.

Rafbókarvinnan var oftast unnin í hringekju þar sem spjaldtölvur voru hafðar á kennarastýrðri stöð. Áður en farið var í gerð rafbókanna var undirbúningsvinna í höndum kennara. Þar voru nemendur búnir að afla sér upplýsinga og skrá niður texta. Þegar þessari vinnu var lokið var farið í að vinna með útlit og uppbyggingu bókarinnar. Þessi vinna var unnin í litlum hópum eða tveir og tveir saman, þar sem farið var yfir tæknilega hluta verkefnisins og nemendur lögðu lokahönd á rafbókina.



Rafbók með ýmsum verkefnum (einstaklingsbók)

– Hver nemandi vann eigin bók með ýmsum verkefnum m.a. blaðsíða um tröll, verkefni tengd árstíðum og lífsleikniverkefni. Nemendur skrifuðu niður eigin texta eða skrifuðu eftir forskrift. Sóttar voru myndir af vefnum til að setja í bókina og nemendur fengu frásar hendur með stafagerð og litaval.



Bekkjarsáttmálinn – Nemendur unnu kynningarverkefni um bekkjarsáttmálann í tengslum við lífsleikni og uppbyggingarstefnuna. Þarna völdu nemendur þrjú orð sem endurspeglu vináttu og gleði og skrifuðu stuttar sögur um vináttu.



Fuglabókin – Þessi bók var unnin í tengslum við þemavinnu bekkjarins. Nemendur fengu hvert sinn fugl sem þau teiknuðu og tóku mynd af teikningunni. Hver nemandi aflaði sér upplýsinga um sinn fugl úr bókum og af vefmiðlum og útbjó hugarkort. Að lokum skráði hann samfelldan texta, las hann upp og setti í rafbókina.



Örkin hans Nóa – Þessi bók var unnin í tengslum við þemavinnu bekkjarins. Nemendur völdu sér dýr, tveir og tveir saman. Dýrin voru teiknuð og nemendur fóru í heimildasöfnun, bæði úr bókum og af vefnum. Farið var yfir notkunarreglur í upplýsingasöfnun og lögð áhersla á að taka ekki texta beint upp úr bókum eða af vefnum heldur að lesa upplýsingar og skrifa eigin texta. Þörin unnu einnig með eigin ritun og sömdu sögu um dýrin sín. Textana og sögurnar skráðu síðan nemendur í spjaldtölvur og lásu textann upp. Í þessu verkefni var ákveðið að vinna meira með útlit bókarinnar þar sem nemendur eru orðnir mjög færir í að vinna rafrætur. Bekkurinn kom sér saman um sameiginlegt útlit bókar sem síðan var unnið af kennara í samráði við nemendur. Þetta verkefni unnum við áfram með í Puppet Pals (sjá síðar).



Smásögur – Nemendur skrifuðu smásögur frá eigin brjósti. Áður en nemendur hófust handa var farið yfir sögugerð, upphaf – miðja – endir. Nemendur fengu að ráða hvort þeir skrifuðu söguna fyrst á blað eða beint á spjaldtölvuna. Lögð var áhersla á stafsetningu og málfræði og nemendur þurftu sjálfir að leiðrétta textann sinn. Nemendur teiknuðu síðan mynd, sem þeir settu í bókina og fengu að ráða útliti rafræturinnar.

Inn á heimasíðunni www.appland.is var haldið úti smá bloggi um þróunarverkefnið. Bein leið á bloggið er hér: <http://www.appland.is/category/throunarverkefni>

Umsögn nemanda: „Maður lærir svo mikla tækni!“



Brúðumyndagerð (Puppet Pals)

Puppet Pals er notendavænt forrit, bæði fyrir kennara og nemendur og gefur mikla möguleika í kennslu. Þarna gefst nemendum tækifæri til að vinna með alla þætti sögugerðar á skapandi hátt. Hægt er að nota persónur og bakgrunni sem eru til staðar í forritinu eða búa til eigin persónur og sögusvið.

Markmið með brúðumyndagerð:

- samvinna
- sköpun
- sögugerð, upphaf-miðja-endir
- sögurammi, hvar gerist sagan
- framsögn
- að kunna að setja inn eigin bakgrunn og myndir
- að geta búið til eigið leikrit
- að taka upp myndband og færa það yfir í rafbókina

Verkefnin okkar í Puppet Pals unnum við samhliða þemaverkefnum bekkjarins og í framhaldi af rafbók.

Tröllaverkefni – Nemendum var skipt í 4-5 manna hópa og hver hópur myndaði eina tröllafjölskyldu. Hópurinn málaði á veggspjald heimkynni fjölskyldunnar og hver nemandi útbjó sinn fjölskyldumeðlim. Tekin var mynd af bakgrunni og fjölskyldumeðlimum. Nemendur lásu upplýsingar um sitt tröll um leið og það labbaði inn á sögusviðið. Í þessu verkefni lögðum við áherslu á að kenna nemendum á forritið og gera þau meira sjálfstæð í slíkri vinnu.



Örkin hans Nóa – Þetta verkefni var unnið í framhaldi af rafbókinni um Örkin hans Nóa og var bekknum skipt í tvo 8 manna hópa. Hópunum var skipt þannig að nemendur ákváðu hvað dýr gætu verið saman í leikriti. Hver hópur settist niður með kennara og sameiginleg saga var samin. Einu fyrirmælin sem nemendur fengu voru að dýrin þurftu að vera í sögunni. Nemendur komu með hugmyndir sem kennari skráði niður sem hugarkort. Þessar hugmyndir notuðu síðan nemendur til að skrá söguna í tölvu, tveir og tveir í einu. Þegar sagan var tilbúin útbjuggu nemendur bakgrunn og aðrar sögupersónur sem koma fyrir í sögunni. Nemendur lásu og léku söguna með aðstoð kennara. Afraksturinn var síðan settur í rafbókina um Örkin.

Regnbogafiskurinn – Í þessu verkefni var lögð áhersla á upplestur. Nemendur skiptu texta bókarinnar á milli sín og æfðu sig í að lesa upphátt. Ein blaðsíða var valin úr bókinni og notuð sem bakgrunnur og regnbogafiskurinn látinn synda um á meðan nemendur lásu sinn texta úr bókinni. Einnig máttu nemendur taka mynd af sjálfum sér og hafa sem persónu í sögunni.



Bitsboard

Bitsboard er kennsluforrit sem hentar mjög vel til lestrarkennslu, tungumálakennslu, stafsetningu og til þjálfunar í orðaforða. Forritið er fjölbreytt og margir valmöguleikar eru í boði. Þetta forrit hentar einstaklega vel fyrir nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál.

Markmið með Bitsboard:

- lestrarkennsla
- þjálfun í orðaforða
- réttritun
- læra heiti orða t.d. íslenskra fugla

Þau verkefni sem við höfum unnið í Bitsboard eru unnin af kennurum og nemendum saman. Þar höfum við tekið fyrir þá námsþætti sem tengjast námsefni og nemendur lesa orðin sem notuð eru í forritinu. Að því loknu nota nemendur forritin til þjálfunar í stöðvarvinnu/hringekju. Nemendur vinna yfirleitt tveir og tveir saman. Þessi verkefni eru til á flestum spjaldtölvum skólans og hafa allir kennarar aðgang að þessum verkefnum.

Stafirnir – Í þessu verkefni lásu nemendur íslensku stafina og hljóð þeirra. Þetta forrit unnu nemendur með kennurum og er mikið notað hjá 1.bekk og nemendum sem eiga við lestrarörðugleika að stríða.



Örkin hans Nóa – Þetta verkefni var unnið samhliða rafbók og Puppet Pals verkefni um Örkina. Nemendur voru búnir að skrá niður með kennara hvaða dýr hefðu hugsanlega verið í Örkinni hans Nóa. Af þessum lista voru síðan valin dýr og verkefni útbúið í Bitsboard.

Fuglarnir – Þarna unnu nemendur með íslensku fuglana. Verkefnið þjálfar nemendur í að þekkja myndir af íslenskum fuglum.



Umsögn nemanda: „Í iPad er hægt að hreyfa hluti til og það er ekki hægt í venjulegri skólabók.“

Kennsla fór fram reglulega í vetur 1 sinni til 2 í viku, ýmist í stöðvarvinnu eða tveir og tveir nemendur saman. Einnig vorum við með sérstaka spaldtölvutíma 1 sinni í viku. Þar gafst okkur tækifæri til að vinna með útlit og hönnum verkefna ásamt því að kynna fyrir nemendum önnur forrit í spjaldtölvum. Undirbúningur verkefna var í höndum umsjónarkennara og Rakelar G. Magnúsdóttur sem sáu alfarið um þetta verkefni.

Í heildina gekk þetta verkefni mjög vel. Nemendur eru orðnir mjög sjálfstæðir í vinnu sinni með spjaldtölvum og gaman að sjá hvað vinna þeirra hefur vaxið og eflst.

Það sem stendur manni helst fyrir þrifum í þessu verkefni er skortur á fjármagni til tækjakaupa í skólum. Ekki eru skjávarpar í stofum hjá okkur og seinlegt er að tengja slíkt tæki þannig að sýning á verkefnum nemenda, rafbókum og brúðumyndagerð, var ekki nægilega oft.

En ótrúlega skemmtileg vinna að baki og ákváðum við að enda þetta verkefni með tæknidegi fyrir nemendur og foreldra þeirra, þar sem við kynntum verkefni nemenda og leyfðum þeim að prufa önnur forrit sem við höfum verið að vinna með. Má þar nefna; Bitsboard, Book Creator, MakeyMakey, Osmo, iSolar System, iDinourar og ColorMix. Má sjá kynningarmyndbandið hér <https://vimeo.com/129681737>

Umsögn nemanda: „Gaman að stjórna bílnum með iPad.“



Samantekt

- niðurstöður og gagnsemi fyrir aðra -

Stofnuð var tækni-facebook síða fyrir kennara skólans þar sem öll tækniverkefni skólans eru kynnt. Rafbækur og Bitsboard verkefni hafa verið unnin í tungumálkennslu á miðstigi og einnig hafa nemendur þar unnið eigin rafbækur.

Haldin hafa verið námskeið fyrir kennara og aðra starfsmenn skólans. Jafnframt var tæknidagur í skólanum fyrir kennara og í framhaldi af því höfðum við tæknidag fyrir foreldra og nemendur í 3.bekk.

Einnig kynntum við verkefni okkar á menntabúðum í öðrum skólum, á Samspili 2015 og í Háskóla Reykjavíkur.

Umsögn nemanda: „Margir skemmtilegir stærðfræðileikir.“



Umsögn nemanda: „Ótrúlega gaman að skrifa sögur í Book Creator.“

Umsögn nemanda: „Það er hægt að gera svo fallegar bækur í Book Creator.“



Mat á verkefninu

Verkefnið hefur gagnast bæði nemendum og kennurum. Nemendur eru mjög sjálfstæðir í vinnu sinni og með þessari nálgun eru spjaldtölvur orðnar hluti af námsgögnum nemenda en ekki bara tæki til leiks.

Með notkun spjaldtölva er komin ný nálgun til að vinna með þau markmið sem lögð eru til grundvallar í kennslu. Nemendur læra að beita þekkingu sinni á skapandi og fjölbreyttan hátt. Þeir ráða meira ferðinni og í stað þess að vera farþegar í námi sínu eru þeir farnir að ráða för og bera meiri ábyrgð á eigin námi. Þessi vinnubrögð eru mjög gagnleg fyrir kennara til að meta stöðu nemenda jafnt og þétt.

Umsögn nemanda: „Það er svo gaman að gera raðbók því þá getur maður sótt myndir og skreytt sögurnar svo fallega.“



Greinargerð um notkun styrkfjár

Upphaflega var sótt um styrk að upphæð kr.1.300.000, en raunin varð kr.400.000. Þar sem ekki fékkst fullur styrkur var ákveðið að leggja áherslu á að efla tæknilæsi kennara og nemenda og að flétta spjaldtölvunotkun sem mest inn í almennt nám nemenda. Einnig höfðum við að leiðarljósi hugmyndir sem nýtast nemendum sem hafa íslensku fyrir annað tungumál.

Undirbúningsvinna og verkefni voru unnin af umsjónarkennara en kennsla á forrit og tækniþekking var í höndum Rakelar G. Magnúsdóttur sem hafði einnig umsjón með námskeiðum og kynningum.

Styrkurinn fór í laun vegna undirbúningsvinnu, gagnavinnu og skýrslugerðar sem Marta og Rakel sáu um.

Kynning

Verkefnin hafa verið unnin á löngum tíma og hafa þau verið kynnt jafnóðum á tækni-facebook síðu skólans og á öðrum vettvangi, s.s. á heimasíðu Applands og Kelduskóla.

Námskeið hafa verið haldin með kennurum, bæði leik- og grunnskólakennurum. Kynningar hafa verið í Háskóla Reykjavíkur, Samspil 2015 og menntabúðum.



Lokaorð

Þetta er búin að vera dýrmæt reynsla að vinna með nemendunum í þessu þróunarverkefni og viljum við þakka þeim fyrir áhuga þeirra og eljusemi.

Það er alveg ótrúlegt að sjá hvað nemendur eru fljótir að tileinka sér tæknina og hvað sköpunarkraftur þeirra fær virkilega að njóta sín í svona vinnu.

Við mælum eindregið með því að nota spjaldtölvuna með sem flestum námsgreinum, það kryddar námið.

Að lokum viljum við benda á að inn á www.appland.is er hægt að finna umfjöllun um þróunarverkefnið, myndbönd sem nemendur hafa gert og margt fleira sem nýst getur kennurum sem ætla að hafa spjaldtölvuna með í námi nemenda.

Marta Gunnarsdóttir umsjónakennari
3. bekk Kelduskóla – Korpu

Rakel G.Magnúsdóttir ráðgjafi við Kelduskóla

Ingibjörg E. Jónsdóttir sá um uppsetningu þróunarskýrslunnar.



Fylgiskjöl

Yfirlit á viðkomandi dýr

ÖRKIN HANS NÓA



SÖGUR EFTIR NEMENDUR

Eldfjallið mikla Þjófarnir miklu



SLÖNGUR

Sumar slöngur verpa ekki eggjum heldur fæða unga. Nýfæddar anakondukirkjusiöngur eru 6 cm langar. Sumar slöngur geta lifað í 30-40 ár. Þegar þær eru í dvala vaxa þær ekki. Slöngur eru fótalaus skriðdýr með misheitt blóð. Þær eru skyldar eðlum.

Samkvæmt þjóðtrúnni voru allar slöngur útlagðar frá Írlandi til að losa landið við allar slöngur. Það er vinsælt að nota slönguskinn í armbönd og eyrnalokka.

Viðsér þú ... að kvenslöngur hafa stundum hamskipt áður en þær gíða eða verpa eggjum.

Hatdis Anna og Hatdis Huld

FORSÍÐA



PANDABIRNIR

Pandabirnir þekkjast á svörtum skellum í kringum augun, yfir eyrun og um miðjan líkamann. Þótt pandabjörninn sé rándýr nærir hann aðallega á bambus. Hann étur líka hunang, egg, fisk appelsínu og banana.

Pandabjörninn lifir í fjöllum í Kína. Hann lifði einu sinni á láglendi en það breyttist af því að mennirnir fóru að byggja og eyðileggja skógana.

Viðsér þú ... að það eru líklegur fundir af pöndum.

Heiðrún og Sigurveig

FORSÍÐA



PÚPURNAR

Einu sinni voru púpur og þær eru systur. Þær eiga ekki mómmu og pabba og þegar þær voru búnar að leika sér nóg þá byrjuðu púpurnar að breytast í fiðrildi og þær lifðu vel til æviloka.

Sara og Perla Sól

FORSÍÐA



PÍPÍ OG PÚPÚ

Einu sinni voru tvær pöndur sem voru systur sem hétu Pípi og Púpú. Þær fóru í skógin og þar heyrðu þær skothvelli og sáu veiðimenn sem voru að leita að tveim pöndum. Pípi og Púpú klifruðu upp í tré til að fela sig en veiðimennirnir fundu þær og grípu þær og settu þær í búr en pöndurnar sluppu og fóru heim.

Heiðrún og Sigurveig



Book Creator



Fuglarnir okkar



2.bekkur - Kelduskóli

Book Creator

Heiðlóa

Lóan

Lóan er vaðfugl. Hún er háfætt. Hún er með þrjár tær. Lóan er stundum í félulitum. Hún er fyrsti vorboðinn. Fer aðallega til Bretlandseyja.

Á bakinu er Lóan drófnött á litinn. Stelið á lóunni er dökkt með gulum og gulhvítum þverrákum.



Lóan er komin að kveða burt snjóinn, að kveða burt leiðindin, það getur hún. Hún hefir sagt mér, að senn komi spóinn, sólskin í dali og blómstur í tún. Hún hefir sagt mér til syndanna minna, ég sofí of mikið og vinni ekki hót. Hún hefir sagt mér að vakna og vinna og vonglaður taka nú sumrinu mót.

Páll Ólafsson



Skógarpróstur

Skógarpróstur er móbrúnn að ofan. Hann er farfug og fer til Bretlands. Hann er spöfugl og algengur í birkiskógum. Hann er með vönduð hreiður. Hann verpir í maí.



Skógarpróstur fagurflægur fer um Seifossbæ leitar frája otareygur Órafjarri er haustsins geigur blíðum sumars blæ.

Laufguð tré og blómabreiður brosa í sumarkyrð. Yfir vakir himinn heiður. Haustsins fölva rökkurseiður býr í blárrí firró.

Ragnar Bóðvarsson
1935 -



Book Creator

SMÁSÖGUR

3. bekkur



KRAKKARNIR OG HÓLMINN

Einu sinni voru 2 krakkar sem hétu Lilli og Siga. Þau voru heima hjá sér en svo fóru þau á ströndina. Þar sáu þau hólma og bát. Þau fóru í báttinn og út á hólmann. Á hólmanum sáu þau litlið hús og ákváðu að gista þar eina nótt. Náttan dag fóru þau að leita að bátnum en hann var horflinn. Svo sáu þau konu sem sagði þeim að eyjan væri fljótandi. Hún sagði að það væri bátabúð nálægt og þau fóru og keyptu sér bát og komust þannig heim aftur.



Til baka

FÓTBOLTA ÆVINTÝRI

1. Kaflinn FÓTBOLTAFLAKKID

Einu sinni var stelja sem hét Eya sem er að efa fótbolta. Hún átti heima á Íslandi en er að fara að flytja til Spánar. Hún var að efa með Fjölni og er að fara að efa með Barcelona.

Og þegar hún var komin til Spánar þá var leikur að byrja, Barcelona á Real Madrid. Þegar leikurinn var að byrja þá kom jaförðjálfi og þá þurfi hún Eya að flytja til Parísar út af því að jaförðjálfi komu saman.

En núna er hún að byrja að efa með Paris Saint Germain.

Og þegar hún er var komin til Parísar þá var leikur að byrja á móti Monaco. En þegar leikurinn var að byrja þá kom eldigos og þá þurfi Eya að flytja út af því að það var svo mikil eldigos að það var byrja að koma eldfloði og hún þurfi að flytja til Englands. Í París var hún að efa með PSG og núna er hún að fara efa með Manchester United og þegar hún var komin til Ensens þá var leikurinn að byrja.

Manchester United móti Liverpool. Skiljan var 3-1 og Manchester united vann og hún flófi hamingiusöfn til ævilyka.

2. KAFLI FÓTBOLTAFERÐIN

Einu sinni var strákur sem hét Elvar og hann var að fara fótballa og var að fara með KSI og er að fara að keppa fyrir HM og nú var það dagur runninn upp. KSI á móti Kína og staðan var 1-2 og KSI vann útvið því að Elvar skorði á seinstu mínútinu. Núna var Spánn á móti KSI og KSI vann útvið því að Spánn skeit upp á bak og KSI komst á HM í fyrsta skipti. KSI var að fara að keppa á móti Japan og KSI vann 3-5 og núna átti KSI að keppa. KSI keppti á móti allskonar löndum og KSI vann alla leikina. KSI vann HM í fyrsta skipti og Elvar lifði hamingjusamur til ársloka.



Til baka

BRÆÐURNIR TVEIR

1. kafli

Þegar stóra bróðurnum var rænt.

Einu sinni var strákur sem hét Daniel og stóri bróðir hans hét Eypör og þeir áttu heima á Bakkastöðum 35. Skólinn þeirra hét Kelduskóli-Korpa. En einn daginn gerist eit mjög hræðilegt. Stóra bróðurnum var rænt en svo kom Daniel og bjargaði stóra bróður sínum. Og síðan var litla bróðurnum rænt. Og svo þurfti Eypör að bjarga Daniel. Og þeir lifðu hamingjusamir til ævilo.



Til baka

2.kaffi

Nýir krakkar í skólanum.

Einu sinni var strákur sem hét Mikael og stóri bróðirinn hét Matthias og þeir áttu heima á Bakkastöðum 161. En einn daginn þegar Matthias var að fara á skólann eins og vanalega var þar ekki allt með kyrrum kjörum. Það voru nefnlega komnir nýir strákur í bekkinn. Þeir hétu Daniel og Eyþór og það voru allir að stríða þennan nema Matthias, hann var alltaf að leika við þá. Og hann lét alla vita og hlínir krakkarnir, meira að segja Mikael hætti því og allir lífðu hamingjusamir til ævilo.

ELDURINN HRÆÐILEGI


Einu sinni voru lang lang lang lang lang lang lang lang lang lang bestu
vinir þau hétu Rúník,Diana og
Randver þau leiku sér alltaf saman í
fótbolta og playstation 4.
Rúník átti playstation 4 og fífa 15,
þau fóru út að leika sér. Það var
orðið alveg svarta myrkur og þau
sáu eitthvað loka. Það var ELDUR!!
Hlaupum! kallaði Diana. Þau
hlupu náðu að vera kominn heim í
tæktati. Vífur sögu þau öll í kór
við munum allt muna eftir þessu.
Hvar voru þið elsku krakarnir mínir
sagði mamma Rúník. Þau sögu
henni alla söguna og þau leika sér
alltaf saman eftir þetta.

ENDIR



Til baka





Bitsboard



